

E.S. gegn Svíþjóð

Dómur frá 21.júní 2012

Mál nr. 5786/08

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Leynilegar myndatökur. Jákvæðar skyldur. Refsilöggjöf.

1. Málsatvik

Kærandi er sænskur ríkisborgari, fædd árið 1987 og býr í Ludvika í Svíþjóð. Árið 2002, þegar hún var 14 ára gömul, uppgötvaði hún að stjúpfaðir hennar hefði komið fyrir myndbandstöku vél í þvottakörfu á baðherbergi heimilis þeirra og var myndavélinni beint að þeim stað í herberginu þar sem hún var vön að afklæðast. Móðir E.S. tilkynnti atvikið til lögreglu tveimur árum síðar og var stjúpfaðirinn ákærður fyrir kynferðisbrot. Dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að maðurinn hefði gert upptökuna í kynferðislegum tilgangi, en upptakan sjálf var ekki til, þar sem móðirin hafði eytt henni þegar upp komst um málið. Hann var því sakfelldur og sú sakfelling staðfest af áfrýjunardómstól. Maðurinn áfrýjaði til þriðja dómstigsins og sneri sá dómstóll niðurstöðunni við og sýknaði manninn. Dómstóllinn taldi að þótt maðurinn hefði myndað stúlkuna í kynferðislegum tilgangi, væri það ekki refsivert samkvæmt sænskum lögum að mynda einstaklinga án vitundar þeirra. Þótt háttsemin bryti gegn einkalífi stúlkunnar, væri ekki hægt að sakfella manninn fyrir hana í refsímáli.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sænska ríkið hefði ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt 8. gr. sáttmálans til þess að vernda einkalíf hennar.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að sáttmálinn legði ekki aðeins neikvæðar skyldur á aðildarríkin, heldur einnig jákvæðar skyldur til að tryggja að borgararnir nytu verndar í samskiptum sínum við aðra borgara. Þótt aðildarríki hefðu ríkt svigrúm til að meta hvaða ráðstafanir væru best til þess fallnar að vernda réttinn til einkalífs, væri rík krafa um að sett væru í lög ákvæði sem vernduðu þessi réttindi. Samt yrðu aðeins stórvægilegir gallar í löggjöf til þess að talið yrði að hún bryti gegn 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn féllst á að þótt ekki væri bann í sænskri löggjöf við leynilegum myndatökum, væru til staðar lög sem ættu að taka til tilvika eins og í þessu máli. Málið hefði verið kært til lögreglu og rannsakað af yfirvöldum. Um það hefði verið fjallað á þremur dómstigum þar sem stúlkunaut aðstoðar lögmanna og gat krafist bóta. Stjúpfaðir hennar hefði verið sakfelldur á fyrri dómstigum en sýknaður af áfrýjunardómstóli. Þá var bent á í sýknudómi áfrýjunardómstólsins að verknaðurinn gæti hafa talist varða við ákvæði refsilaga um bann við framleiðslu barnakláms. Mannréttindadómstóllinn tók því fram að rétti kæranda til einkalífs hefði verið veitt refsivernd með lögum, þar sem stjúpfaðir hennar hefði getað hlotið dóm fyrir misnotkun eða tilraun til framleiðslu barnakláms. Dómstóllinn benti ennfremur á að hlutverk hans væri ekki að endurskoða löggjöf aðildarríkja, heldur væri hann bundinn við þær kröfur sem lagðar væru fyrir hann. Þegar metið væri hvort stórvægilegur ágalli hefði verið á sænskri löggjöf tók dómstóllinn fram að sænska ríkið hefði þegar gert verulegar umbætur hvað varðaði lög gegn myndatökum án samþykkis og leitt í lög refsingar fyrir slík brot. Í ljósi ofangreinds og þegar litið væri til þess að athæfi stjúpföðursins varðaði við sænsk lög á þeim tíma sem það fór fram, enda þótt hann væri sýknaður, taldi dómstóllinn að ekki hefðu verið þeir gallar á sænskri löggjöf sem teldust brjóta gegn ákvæðum 8. gr. sáttmálans. Því hefði ekki verið brotið gegn 8. gr.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.